


Sestu
lestu



Leitin
að haferninum

VERKEFNI

Nafn: _____



Áður en sagan er lesin
skaltu skoða bókina og svara
eftirfarandi spurningum:



1. Hvað heitir sagan? _____
2. Eftir hvern er sagan? _____
3. Hver teiknaði myndirnar í bókinni? _____
4. Hver gefur bókina út? _____
5. Hvað er bókin margar blaðsíður? _____
6. Hvað eru margir kaflar í bókinni? _____
7. Skoðaðu myndirnar á bókarkápunni. Um hvað heldur þú að sagan sé?
Gefa myndirnar einhverjar vísbendingar? _____

8. Skoðaðu myndirnar á bókarkápunni, bæði framan og aftan á. Hvaða dýr sérðu
á myndunum? _____

9. Skoðaðu bókarkápuna og rifjaðu upp hvað nafnorð eru. Finndu svo 10 nafnorð
á bókarkápunni og skrifaðu þau á línurnar hér fyrir neðan:

1. kafli bls. 5-10



1. Hvað heitir stelpa sem fyrst er kynnt í kaflanum?

2. Hvar á hún heima?

3. Hverjir eiga heima með Emilíu í raðhúsinu?


- ☐ Mamma hennar Elsa Alvitra, pabbi hennar Stefán og kötturinn Mosi.
- ☐ Pabbi hennar Stefán, mamma hennar Elsa Engilráð og kötturinn Moli.
- ☐ Pabbi hennar Stefán, mamma hennar Elsa Engilráð og kötturinn Mosi.

4. Á hvaða árstíma gerist sagan? Hvað í sögunni getur gefið okkur vísbendingar um árstímann?

5. Hvað bað Elsa Emilíu að gera með sér í sumarfríinu?

6. Af hverju ætli mamma segi að ferðin verði lærdómsrík?

7. Hvað gera líffræðingar eins og mamma Emilíu?



8. Hvað ætlaði mamma Emilíu að gera á Snæfellsnesi?

- ☐ Leita að fálkahreiðri, merkja fálkaunga og taka blóðsýni.
- ☐ Skoða fjölbreytt fuglalíf á nesinu og merkja alla erni sem þau finna.
- ☐ Leita að arnarhreiðri, merkja arnarunga og taka blóðsýni.

9. Emilíu fannst ekki gaman að fara í langar bílferðir. Af hverju ætli svo sé?

10. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í réttri atburðarás. Reyndu að segja frá í 20 orðum eða færri.

11. Raðaðu eftirfarandi orðum í rétta stafrófsröð. Gott er að númera orðin áður en þú skrifar þau niður.

raðhús – köttur – haförn – ferðafélagi – líffræðingur – Akureyri – fuglafræðingur

2. kafli bls. 11-13

1. Í kaflanum eru taldir upp nokkrir hlutir sem líffræðingar nota. Skrifaðu a.m.k.

þrjá hluti sem nefndir eru í kaflanum. _____

2. Af hverju ætli Mosi yrði til vandræða í rannsóknarferðinni?

3. Hvað lagði Emilía til að Mosi gerði meðan hún væri í burtu?

☐ Veiða flugur og flatmaga í sólbaði.

☐ Veiða fugla og flatmaga í sólbaði.

☐ Sofa þangað til hún kæmi til baka.



4. Af hverju gat mamma Emilíu ekki lokað skottinu á bílnum?

5. Hvaða starf fékk Emilía í ferðinni?

☐ aðstoðar-ökumaður

☐ aðstoðar-fuglafræðingur

☐ aðstoðar-líffræðingur

6. Orðapraut. Hvað getur þú búið til mörg orð úr stöfunum í orðinu?

fuglarannsóknaferð

7. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum eða færri: _____

8. Paraðu saman þannig að úr verði samsett orð.

gúmmí	•	•	föt
regn	•	•	klæði
hand	•	•	glös
tilrauna	•	•	stígvél



9. Skoðaðu nú myndirnar í næsta kafla. Hvað heldur þú að gerist í honum?


3. kafli bls. 14-21

1. Í byrjun kaflans er mamma Emilíu að segja henni ýmislegt um haförninn.

Skrifaðu a.m.k þrennt af því sem hún segir um erni:

2. Hvað heitir bærinn sem mamma Emilíu benti henni á?

- ☐ Hraun í Öxnadal
☐ Öxl í Hraunsdal
☐ Arnarfell í Öxnadal



3. Hvaða fræga skáld fæddist á þessum bæ og fyrir hvað er hann þekktur annað en að vera skáld? _____

4. Hvaða orð er notað yfir ný orð sem bætast í tungumálið okkar?

- ☐ bullorð
☐ tökuorð
☐ nýyrði

5. Hvers vegna gat mamma Emilíu ekki skipt um dekk á bílnum?



6. Af hverju ætli gamli bóndinn hafi varað Emilíu og mömmu hennar við örnum?

7. Skoðaðu nú myndasöguna á blaðsíðum 20-21 og endursegðu söguna.

8. Rifjaðu upp hvað sagnorð eru. Finndu síðan átta sagnorð í myndasögunni og skrifaðu á línurnar hér fyrir neðan.

Sagnorð (so.)	

4. kafli bls. 22-28

1. Í hvaða bæjarfélagi ætluðu Emilía og mamma hennar að stoppa og fara í heimsókn? _____

2. Hvern ætluðu þær mæðgur að heimsækja?

- ☐ Sjúkling sem lá beinbrotinn á sjúkrahúsinu.
- ☐ Harald frænda sem bjó í þjónustuíbúð fyrir aldraða.
- ☐ Harald frænda sem bjó einn í stærsta húsinu á Blönduósi.



3. Hvað átti Haraldur við þegar hann sagði að þær mæðgur yrðu að vera vel haldnar þegar þær færu að eltast við örninn? _____
- _____

4. Hvert fóru Haraldur, Emilía og mamma hennar eftir kaffið? _____
- _____

5. Hvers konar húðflúr var konan í pottinum með? _____
- _____

6. Hvaða skýringu gaf konan á húðflúrinu? Merktu við rétta fullyrðingu.

- ☐ Hún fékk sér húðflúrið á Akureyri í tilefni af stórafmæli sínu.
- ☐ Hún fékk sér húðflúrið á New York þegar hún bjó þar.
- ☐ Hún fékk sér húðflúrið í Mexíkó þegar hún bjó þar.

7. Hvað heldur þú að konan hafi átt við þegar hún sagði að örninn héldi yfir henni verndarvæng? _____

8. Hvað ætli mamma Emilíu hafi átt við þegar hún sagðist eiga stefnumót í Kolgrafafirði? _____


9. Á blaðsíðu 24 er mynd af veitingunum sem Haraldur frændi bauð upp á. Veldu sex hluti á myndinni og skrifaðu í stafrófsröð á línurnar hér fyrir neðan.

10. Eintala og fleirtala. Ljúktu við töfluna hér að neðan.

Eintala (et.)	Fleirtala (ft.)
örn	
	fuglar
kökudiskur	
	pönnukökur
íþróttataska	



5. kafli bls. 29-34



1. Hver er Pavel? _____

2. Hvað ætli mamma Emilíu hafi átt við þegar hún sagði að það væri líf og fjör í Kolgrafafirði? _____

3. Hvaða dýr sá Emilía þegar þær mæðgur óku yfir brúna?

- ☐ Seli sem stungu saman nefjum.
- ☐ Rostunga sem lágu á ísjaka.
- ☐ Hvalatorfu sem synti í hringi.

4. Hvað merkir orðið *slóði*? _____

5. Í kaflanum er notað orðið *kíkir*. Hvaða samheiti yfir kíki var notað í 3. kafla? _____

6. Hvað gerðist þegar mávurinn sveimaði yfir höfði fólksins?

- ☐ Hann settist á öxlina á Emilíu.
- ☐ Hann goggaði í hausinn á Pavel.
- ☐ Hann dritaði á öxlina á Elsu Engilráð.

7. Í Kolgrafafirði er fjölbreytt dýralíf. Nefndu a.m.k. fimm dýrategundir sem koma fram í kaflanum. _____

8. Hvað sá Emilía í kíkinum? _____

9. Hvað var fólkið á bátnum að gera? _____

10. Raðaðu orðunum þannig að úr verði rétt málsgrein:

eru firðinum hérna ernirnir sagði Stundum sveimandi yfir Pavel.

11. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum eða færri: _____



6. kafli bls. 35-41

1. Hvað ætli hafi verið í bakpokanum sem Elsa Engilráð sótti í bílinn?

2. Hvað heldur þú að orðið *malarslóði* merki? _____


3. Hvað sá Pavel í kíkinum? _____

4. Af hverju voru Emilía og Aron smeyk við ernina?

- ☐ Ernirnir komu svífandi með vængina útbreidda og gogguðu í hausinn á Emilíu og Aroni.
- ☐ Ernirnir komu svífandi með vængina útbreidda og flugu ógnandi á móti þeim.
- ☐ Ernirnir komu svífandi með vængina útbreidda, kræktu í Pavel og flugu með hann burt.



5. Lýstu arnarungunum og staðnum þar sem þeir fundust:



6. Af hverju máttu krakkarnir ekki koma alveg að ungunum? _____

7. Skoðaðu myndina á blaðsíðu 37. Hvað eru Pavel og Elsa að gera?

8. Hvers vegna tóku Elsa og Pavel nokkrar fjaðrir með sér? _____

9. Hvers vegna ætli Pavel og Elsa hafi verið að merkja ungana? _____

10. Hvað merkir að vera í samfloti?

- ☐ Að fljóta saman í sundlaug.
- ☐ Að eiga saman flot.
- ☐ Að vera samferða.

11. Skoðaðu myndasöguna á blaðsíðu 41. Hvað ætli ernirnir séu að hugsa?

Semdu texta við myndirnar.

Mynd 1: _____

Mynd 2: _____

Mynd 3: _____

Mynd 4: _____

Mynd 5: _____



Hugleiðingar að lestri loknum

1. Hvernig fannst þér bókina? Mælir þú með henni? Af hverju?

2. Í sögunni er lýst leiðinni sem Emilía og mamma hennar fóru. Þær lögðu af stað frá Akureyri, keyrðu svo um Öxnadal og yfir Öxnadalshéiði. Þær stoppuðu á Blönduósi hjá Haraldi frænda og héldu svo á Snæfellsnesið. Í Kolgrafafirði komust þær loks á áfangastað. Náðu nú í kortabók og finndu leiðina sem þær mæðgur fóru. Merktu leiðina inn á kortið hér að neðan.

